

þau, að stefndur verður dæmdur til þess að greiða hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið, en það þykir eftir atvikum rétt að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 7. maí 1934.

Nr. 11/1934. Réttvísinn og valdstjórnin

(Pétur Magnússon)

gegn

Vernharði Eggertssyni

(Eggert Claessen).

Brot g. 238. gr. hegnl. m. m.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. dez. 1933: Ákærður, Vernharður Eggertsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Hann greiði 500 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar ef hún ekki er greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og Kristni Kristjanssyni 40 krónur í skaðabætur innan sama tíma og sektina. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnað við gæsluvarðhald sitt.

Dómi þessum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði hefir með verknaði þeim, sem lýst er í hinum áfrýjaða aukaréttardómi gerzt brotlegur gegn 238. gr. hinna almennu hegningarlaga, 5. og 6. gr. laga nr. 70, 8. sept. 1931 um notkun bifreiða, og 45. og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 7. jan. 1930. Þykir refsing ákærða, sem 4 sinnum áður hefir verið dæmdur fyrir auðgunarglæpi hæfilega ákveðin í einu lagi, sbr. 63. gr. hegningarlaganna, fjögurra mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og er þá tekið tillit til þess, að á-

kærði hefir undir rekstri málsins í héraði setið 18 daga í gæzluvarðhaldi án þess að rannsókn málsins gæfi tilefni til þess.

Ákvæði aukaréttardómsins um skaðabætur til Kristins Kristjánssonar og um málskostnað í héraði staðfestast og ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Vernharður Eggertsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fjóra mánuði. Hann greiði Kristni Kristjánssyni 40 kr. í skaðabætur og ennfremur greiði hann allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, máflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Eggerts Claessen, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Vernharði Eggertssyni gæslufanga í hegningarhúsinu fyrir brot gegn ákvæðum 23. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, ennfremur fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64, 1930, bifreiðalaganna nr. 71, 1931 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Hinn 21. f. m.

skildi Kristinn Kristjánsson, bifreiðarstjóri, Njálsgötu 77, bifreið sína, R. E. 800, eftir fyrir utan húsið Hverfisgötu 40 meðan hann brá sér inn í búð. Er hann hafði haft skamma viðdvöl í búðinni varð honum litið út um glugga, og sá hann þá að bifreið hans var ekið austur götuna með miklum hraða. Fór hann því samstundis út og náði sér í bifreið, sem bar þar að í þessum svifum, og ók eftir hinni bifreiðinni, eins hart og bifreiðarstjórinn þorði. Er þeir komu nokkuð inn fyrir Árbæ, sáu þeir bifreiðina R. E. 800. Var hún þá stoppuð og hafði farið út af veginum, en ekki oltið um. Í bifreiðinni var ákærður og ætlaði hann að leggja á flóttu, en bifreiðarstjórnarnir náðu honum og komu með hann á lögreglustöðina.

Ákærður kveðst hafa verið alldrukkinn þennan dag og kveðst um eitt leytið hafa verið á slangri á Hverfisgötunni. Sá hann þá hvar bifreiðin R. E. 800 stóð fyrir utan búð þar og var bifreiðin í gangi. Snaraði hann sér því upp í bifreiðina og ók af stað, kveðst hafa verið að hugsa um að fara á henni austur á Eyrarbakka. Hann kveðst muni hafa ekið á 40—50 kílómetra hraða á klukkustund inn Hverfisgötuna, en er hann kom inn fyrir Vatnsþró. kveðst hann muni hafa farið upp í allt að 100 kílómetra hraða. Þó er þetta ágiskun hans, því hann leit ekki á hraðamæli bifreiðarinnar, en hann kveðst hafa farið eins og skot fram úr bifreiðum þeim er um veginn fóru. Að lokum keyrði hann bifreiðina út af veginum fyrir innan Árbæ svo sem fyrr er sagt, en bifreiðin skemmdist ekkert.

Ákærður hafði ekkert ökuskirteini til að stýra bifreið.

Eigandi bifreiðarinnar R. E. 800 hefir gert 40 króna skaðabótakröfu fyrir kostnað við að elta ákærðan og tímatap; er hann hlaut við það. Ákærður hefir ekkert haft við þá skaðabótakröfu að athuga.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur dezember 1909. Hann hefir setið í gæzluvarðhaldi frá 22. nóvbr. til þessa dags. Honum hefir verið refsað svo sem hér segir: Með dómi aukaréttar Reykjavíkur uppkveðnum 23. september 1931 var hann dæmdur í 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir einfaldan þjófnað, með dómi sama réttar uppkveðnum 28. október 1931 var hann dæmdur í fangelsi við venjulegt

fangaviðurværi í 4 mánuði fyrir einfaldan þjófnað, með dómi sama réttar uppkveðnum 7. júní 1932 var hann dæmdur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði fyrir einfaldan þjófnað, og loks var hann með dómi sama réttar uppkveðnum 16. febrúar 1933 dæmdur í 12 mánaða betrunarhússvinnu fyrir innbrotspjófnað.

Framantalið afbrot ákærða ber að heimfæra undir 238. grein hinna almennu hegningarlaga, 20. grein áfengislaganna, 5. og 6. grein bifreiðarlaganna og 45. og 46. grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Auk þess sæti hann 500 króna sekt fyrir brot sitt gegn bifreiðalögunum, áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Renni sektin í ríkissjóð og verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa komi í hennar stað einfalt fangelsi í 30 daga. Þá greiði ákærður Kristni Kristjánssyni, Njálsgötu 77, 40 krónur innan sama tíma og sektina.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 9. maí 1934.

Nr. 46/1934. **Valdstjórnin og réttvísinn**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Konráði Pálssyni Þormar

(Gústaf A. Sveinsson).

Brot g. 205. gr. hegnl. og 16. gr. áfengisl. 64/1930.

Dómur aukaréttar Neskaupstaðar 30. nóv. 1933: Ákærði, Konráð Pálsson Þormar, greiði 150 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann 12 daga einföldu fangelsi í hennar stað. Svo greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Ennfremur greiði hann Ásmundi Sigurjónssyni kr. 50,00 í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.